

AUGLÝSING

16

15. febr.

um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Kópavogskaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest eftirfarandi heilbrigðis-samþykkt fyrir Kópavogskaupstað, er bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt.

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Kópavogskaupstaðar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykkt-arinnar að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, ef óhjákvæmilegt þykir vegna að-stæðna eða staðháttá.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 5 menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Bæjarstjórn kýs þrjá nefndarmenn.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda, svo oft sem þurfa þykir. Honum er skylt að kveðja nefndina á fund, ef héraðslæknir eða heilbrigðisfulltrúi eða aðrir nefndarmenn æskja þess.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir, svo og kærur, er nefndinni berast.

6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá tafarlaust skotið til bæjarstjórnar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra.

7. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og bæjarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, má leita úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur héraðslæknir einnig skotið máli sínu til hennar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

8. gr.

Bæjarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa, einn eða fleiri, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúar starfa samkvæmt erindisbréfi, er nefndin setur þeim. Þeir skulu sitja nefndarfundi.

9. gr.

Á fjárhagsáætlun bæjarins skal jafnan veita nokkra fjárhæð til heilbrigðisframkvæmda, skv. tillögum heilbrigðisnefndar. Að öðru leyti skal leita samþykkis bæjarstjórnar, áður en hafnar eru framkvæmdir, sem hafa útgjöld í för með sér.

16

15. febr.

B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd sér um, að haldin séu ákvæði þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta.

Nefndin hefur eftirlit með öllu því, er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustu-hætti á samþykktarsvæðinu og setur um það fyrirmæli í samræmi við lög og reglur, sem öllum hlutaðeigendum er skylt að hlíta. Skal nefndinni heimilt að láta rann-saka allt það, er þessi samþykkt fjallar um, svo og annað, er að þrifnaði og hollustu-háttum lýtur, utan húss og innan.

- a. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram almenna hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum.
- b. Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitu og vatnsbólum og sömuleiðis með vatni á sund- og baðstöðum og lætur taka af vatninu sýni til rannsóknar, þegar ástæða þykir til.

Nefndin getur bannað notkun vatns úr vatnsveitu eða öðrum vatnsbólum og látið loka sund- og baðstöðum, ef hún telur þess þörf. Nefndin hefur eftirlit með allri fráræslu og getur bannað notkun á skolpræsum og vatns- og sorp-ræsum, ef hún telur þess þörf.

- c. Nefndin hefur eftirlit með almenningssalernum og meðferð á sorpi úr húsum.
- d. Nefndin gerir ráðstafanir til upprætingar hvers konar meindýra úr húsum og hífylum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt.

Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.

- e. Nefndin hefur eftirlit með leiguíbúðum, kjallaraíbúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim. Nefndin getur bannað afnot íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu og lífi íbúa.
- f. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri, sem um er fjallað í VII.—XIX. kafla þessarar samþykktar, og getur krafizt endurbóta og lagfæringa á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi, svo og hreinsunar og hreingerningar, ef hún telur þess þörf.

Nefndin getur bannað afnot húsnæðis, sem um ræðir í þessari grein, ef hún telur það hættulegt heilsu og lífi þeirra, sem við eiga að búa.

- g. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar óskiladýra.
- h. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem um er fjallað í samþykkt þessari.
- i. Nefndin aðstoðar héraðslækni við hvers konar sóttvarnir, eftir því sem hann telur þörf á. Ef nauðsyn ber til, er henni heimilt að ráða starfsfólk til bráða-birgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem auðið er.
- j. Nefndin hefur heimild til að gera ríkari kröfur til tryggingar þrifnaði og holl-ustuháttum en heinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði, en jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.
- k. Nefndin tilkynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar samþykktar, almennra laga og annarra reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama máli gegnir um ákvæði, er hún setur samkvæmt heimild í j-lið þessarar greinar.

C. Ýmis ákvæði.

16

15. febr.

11. gr.

Ekki má setja á stofn neina stofnun eða fyrirtæki, né hefja neinn þann rekstur, sem fjallað er um í VII., XIV. og XIX. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd sé tilkynnt um það og farið sé eftir fyrirmælum heilbrigðissamþykktarinnar um allt er varðar hollustuhætti. Sama gildir um fyrirhugaðar breytingar á húsa- kynnum og rekstri.

Öllum hlutaðeigendum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og XV. kafla þessarar samþykktar, skal sanna árlega með læknisvottorði, og oftast ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hætta af eða vakið getur ógeð þeirra, er við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo rækilegs hreinlætis sem auðið er, ganga þokkalega og hreinlega til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, eftir að það hefur gengið til salernis, og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neytluvörubúðum, rakara-, hárgreiðslu- og snyrti- stofum, baðhúsum og sundlaugum skal klæðast sérstökum, hreinum hlífðarfötum við starf. Stúlkur í neytluvörubúðum skulu hafa hreina kapp á höfði.

13. gr.

Húsakynni þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og XVI. kafla þessarar samþykktar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: vera rúm- góð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum.

Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í VIII. og XIII. kafla þessarar samþykktar, skulu gólf lögð gólfdukk eða öðru jafngildu, loft máluð og veggir málaðir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til húsakynna, sem um er fjallað í XVI. kafla, 69.—73. og 80. gr.

14. gr.

Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í VIII. og XVI. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslu, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum, svo og þvagstæðum, ef þurfa þykir, handlaugum, hrein- um handklæðum eða pappírþurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

15. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.—XVI. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar, sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri, skulu gólf þvegin daglega og oftast, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gólf. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum. Allsherjar hreingerning skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári.

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

16

15. febr.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

16. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. a og 17.—22. gr., að því er varðar hreinlæti og þrifnað utan húss og eftirlit með því.

17. gr.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér í þeim hreiður.

Eigendum er skylt að greiða kostnað af lagfæringum og viðgerðum á lóðum sínum og portum, svo og af hreinsun á þeim.

18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki, höfn innan hafnargarða né í fjörur neins konar rusli eða úrgangi.

Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, mól, timbur eða annað bygg-
ingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

19. gr.

Öll flutningatæki, sem fara um götur bæjarins, skulu þannig gerð, að flutningurinn valdi ekki óþrifnaði.

Ef eitthvað slæðist niður eða hrynur niður við flutning, skal þeim, er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

Heilbrigðisnefnd getur mælt svo fyrir, að áburð og annað, sem óþef getur lagt af, megi einungis flytja um bæinn á tilteknum tíma og eftir tilteknum götum samkvæmt nánari fyrirmælum.

20. gr.

Fatnað, ábreiður eða annað þess konar, má ekki dusta eða berja á svölum eða út um glugga, sem vita að götum eða torgum, ef húsin standa nær þeim en 8 metra.

21. gr.

Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir og annað þess konar, má ekki vera á samþykktarsvæðinu. Utan þýttbýlis getur heilbrigðisnefnd þó með sérstökum skilyrðum leyft sorphauga og áburðarhauga. Bannað er að bera salernisáburð í garða.

22. gr.

Götur bæjarins, torg, hafnarbakka, fjörur, ræsi og annað þess konar skal hreinsa á kostnað bæjarins og hefur heilbrigðisnefnd forgöngu þeirra framkvæmda í samráði við bærarstjórn.

III. KAFLI

Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

23. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. b og 24.—29. gr., um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli og eftirlit með því.

24. gr.

Öll hús á samþykktarsvæðinu skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu bæjarins, að svo miklu leyti sem staðhættir leyfa.

Einnig skulu skip taka vatn úr vatnsveitu til þvotta á fiskilestum og þilfari, og er bannað að nota til þess sjó úr höfninni.

25. gr.

16

Leita skal leyfis heilbrigðisnefndar til notkunar annarra vatnsbóla en vatns- 15. febr.
veitu bæjarins.

26. gr.

Þar sem holræsi eru fyrir hendi, skulu húseigendur skyldir að tengja frárennsli sín holræsakerfi bæjarins, jafnt þótt rotþrær hafi áður verið notaðar og teljist not- hæfar.

27. gr.

Þar, sem skolpi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær og leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar hverju sinni.

28. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar með- ferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

29. gr.

Þar, sem því verður komið við og ekki veldur óþrifnaði, skal leiða öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð. Að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er, skal veita skolpi út fyrir hafnargarða.

IV. KAFLI

Um salerni og meðferð sorps.

30. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni. Þó getur heilbrigðis- nefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst óhjákvæmilegt, en hlíta skal fyrirmælum hennar um frágang salerna af annarri gerð.

31. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja nægilega mörg sorphlát úr málm, að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem heilbrigðisnefnd lætur í té. Í þau skal láta allt sorph, ösku og rusl úr húsinu, og mega þau aldrei standa opin. Ílátin skulu jafnan tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burt.

Ekki má leggja skarnrennur í hús, nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang.

32. gr.

Bæjarstjórn lætur annast brottflutning sorps og tiltekur, hvert það skuli flutt. Sorpstæði skal afgirt og þannig frá því gengið, að fýla eða annar óþverri berist ekki til mannabyggða. Við sorphreinsun má einungis nota lokaða vagna, er skulu þannig gerðir, að auðvelt sé að tæma ílátin beint í þá.

V. KAFLI

Um veggjalús, kakalaka, rottu og önnur meindýr.

33. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða einhvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýra verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráð-

16 stafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með hon-
15. fehr. um. Skylt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það
fyrirmælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráð-
stafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma
þær á hans kostnað.

34. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. d.

VI. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

35. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllumur fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, um íbúð í kjöllumur), svo og eftir byggingarsamþykkt bæjarins.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og byggingarsamþykkt, skal gætt ákvæða 10. gr. e. og 31—38. gr.

36. gr.

Skylt er að halda leiguíbúðum vel við.

37. gr.

Heilbrigðisnefnd úrskurðar hverju sinni um nothæfni kjallaraíbúðar.

38. gr.

Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan. Bárujárn skal mála, svo oft sem þurfa þykir.

VII. KAFLI

39. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamannaskýli og þess háttar, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, og væntanlegar reglugerðir samkvæmt þeim, reglugerð nr. 10 16. febrúar 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11. og 40. gr.

40. gr.

Þeir, sem reka iðju eða iðnað eða aðra atvinnu á sérstökum vinnustöðvum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á vinnustöð sinni og allri tilhögun þar.

VIII. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

41. gr.

Lofthæð í skrifstofum, lesstofum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal vera a. m. k. 2.5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. m³. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem slíks þykir þörf, svo sem í verzlunarbúðir, er verzla með ryksæla vöru.

42. gr.

16

Áklæði, vefnaðarvörustranga og annað af því tæi skal hreinsa öðru hverju með ryksugu. 15. febr.

43. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr.

IX. KAFLI

Um vöruskemmur.

44. gr.

Vöruskemmur skulu vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar.

45. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. og 15. gr.

X. KAFLI

Um dagvistarheimili barna.

46. gr.

Húsakynni dagvistarheimila barna skulu vera a. m. k. tvær rúmgóðar stofur, auk þvottaklefa með nægilega mörgum þvottaskálum, salerna og fatageymslu.

47. gr.

Hverju dagvistarheimili skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum leiktækjum.

48. gr.

Leita skal álits heilbrigðisnefndar, þegar ráðinn er forstöðumaður dagvistarheimilis, Læknir, sem til þess er ráðinn, skal hafa eftirlit með heilsufari, þrifum, meðferð og aðbúnaði barnanna, og skal hann láta heilbrigðisnefnd í té alla vitneskju, er hana varðar.

49. gr.

Ekki má taka á dagvistarheimili barn, sem haldið er næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, né heldur barn frá heimili, þar sem slíkir sjúkdómar eða kvillar eru.

Ef upp kemur næmur sjúkdómur á dagvistarheimili eða grunur leikur á, að barn, sem sækir heimilið, sé haldið slíkum sjúkdómi, skal læknir heimilisins tilkynna héraðslækni þegar í stað.

50. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr.

XI. KAFLI

Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

51. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun.

Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo, að 8 m³ loftrými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill, hreinn og laus við ólykt. Ávallt skal skipt á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur.

Gestir skulu hafa aðgang að baði.

16

15. febr.

Lofthæð veitingastofu skal vera a. m. k. 2.5 m og hverjum gesti skal ætla a. m. k. 1.15 m² gólfhlöt. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.

52. gr.

Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru fram reiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvottar og sótthreinsunar. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstingartæki, ef þurfa þykir.

Rétti, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá tilbúningi, skal geyma í kælikápum, þar sem hiti er undir 5° C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60° C hita, unz þeirra er neytt.

53. gr.

Ekki má bera gestum skörðótt eða sprungin matar- og drykkjarilát, og matreiðslu- og uppþvottartæki skulu heil. Ílát og borðfæri skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sótthreinsa í hæfilega virkum sótthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun, og þurrkur og þvottakústa skal sjóða iðulega. Borðdúkar skulu heilir og hreinir. Dúklaus borð skal þvo hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar ber að þvo einu sinni í viku hið minnsta.

Í veitingastofum má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

54. gr.

55. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sótthreinsa, áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki hefur notað.

56. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr.

XII. KAFLI

Um rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

57. gr.

Ekki má vera innangengt milli rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.

58. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru við þjónustu á rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, skulu vanalega hreinsuð og sótthreinsuð hverju sinni eftir notkun, og hverjum gesti skal ætla hrein handklæði og hreina dúka. Á höfuðbrík stóla skal jafnan vera hreinn pappír.

Rafmagnstæki skulu viðurkennd af rafmagnseftirlitinu.

59. gr.

Ekki má veita þjónustu fólki, sem víst er um eða grunur leikur á, að haldið sé næmum sjúkdómum, og fólki með húðsjúkdóma í hársverði eða andliti má ekki veita þjónustu, nema sannað sé með læknisvottorði, að öðrum stafi ekki hætta af.

Ef upplýst verður eftir á, að gesti með slíkan sjúkdóm hefur verið veitt þjónusta, skal tafarlaust leita fyrir mæla héraðslæknis um sótthreinsun á tækjum þeim, er við hann voru notuð.

60. gr.

Nú telur gestur, að hann hafi orðið fyrir smitun eða fengið á sig óþrif á rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu, og ber honum þá tafarlaust að tilkynna það héraðs-lækni eða heilbrigðisnefnd. 15. febr. 16

61. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr.

XIII. KAFLI

Um kirkjur og önnur samkomuhús.

62. gr.

Veggir, gólf og loft í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur slíks þörf.

63. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr.

XIV. KAFLI

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru.

64. gr.

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir, sem settar hafa verið samkv. þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 1936, og reglugerð nr. 17 22. febr. 1939; reglugerð nr. 157, 4. sept. 1953, um mjólk og mjólkurvörur, bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna, lög nr. 5 22. febrúar 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. september 1949, um kjötmat o. fl.).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11.—15. og 65.—80. gr.

A. Almenn ákvæði.

65. gr.

- a. Ekki má vera innangengt milli neyzluvörubúða eða neyzluvörugeymslna og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.
- b. Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2,5 m. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
- c. Búðir og matvælagarðarhús skal verja fyrir rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- d. Aldrei má handfjatla óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu eins og hún kemur úr búð, en nota við afgreiðsluna til þess gerða spaða, skeiðar, gaffla eða tengur.
- e. Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.

B. Um mjólk og mjólkurvörur.

66. gr.

Í mjólkurbúðum má einungis geyma og selja gerilsneydda mjólk.

16

15. febr.

67. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja neytendum ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er öllum ákvæðum þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 64. gr. Aldrei má þó mjólk, sem seld er á þann hátt, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum (heimilum).

Heimilt er að selja gerilsneydda mjólk, svo og mjólkurvöru, á matsölu- og veitigastöðum til neyzlu þar.

C. Um rjómais og mjólkurís.

68. gr.

Öll tæki og efni, sem notuð eru við framleiðslu á rjómais eða mjólkurís, skulu fullnægja ströngustu hreinlætiskröfum, samkvæmt almennum reglum um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Sama gildir um húsnæði.

Hvers konar blanda, sem notuð er í ísfrauð, skal gerilsneydd.

D. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

69. gr.

Öll óumbúin brauðvara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum (sbr. 65. gr. d), skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum.

70. gr.

Vöru, sem seld er í brauðbúð, má ekki neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gert og heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til.

71. gr.

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er máli skiptir.

72. gr.

Brauðvöru má ekki selja á götum eða torgum, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til, og ekki má ganga með hana milli húsa til framboðs.

73. gr.

Brauðvöru skal flytja milli brauðgerðarhúsa og búða í hreinum lokuðum og rykheldum kössum.

E. Um meðferð og sölu kjötvöru.

74. gr.

Leyfi heilbrigðisnefndar þarf til starfrækslu sláturhúsa. Setur hún þá reglur um nauðsynleg heilbrigðisskilyrði. Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum. Heilbrigðisnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði meðan kjötbúðir eru ekki fyrir hendi. Skilyrði a—e liða þessarar greinar skulu þó jafnan uppfyllt. Í kjötbúðum má einnig selja harðfisk í umbúðum, frystan fisk í umbúðum, fiskfars, lax, silung, síld niðursuðuvöru, feitmeti, álag, ost, egg, kartöflur, rófur og grænmeti, svo og aðra vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf kjötbúðar skal vera vatnshelt og lagt flísum eða öðru jafngildi, rás skal úr gólfu niður í skolpræsi, veggir skulu flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.

- b. Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðum, skulu varin gleri. 16
15. febr.
- c. Kjötkrókar og kjötstengur skal vera gljád, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum við og eggjárn öll óryðguð.
- d. Vara, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, skal geymd í luktum glerskápum.
- e. Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð.

F. Um meðferð og sölu á fiski.

75. gr.

Með þeim undantekningum, er getur í 74. og 76. gr., skal selja óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskbúðum. Í fiskbúðum má einnig selja niðursuðuvöru, sjófugl, hval, sel, hákarl, harðfisk í umbúðum og aðra þá vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli.

- a. Gólf skal vera úr terrazzo eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
- b. Gengið skal þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
- c. Búðarborð skulu vera skúffulaus og klædd ryðfríum stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
- d. Geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
- e. Sérstakur, upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og dvalar.
- f. Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvottar. Þar skal einnig vera lokað ílát undir fiskúrgang, og ber að hreinsa það daglega.
- g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk. Ef trog eru notuð, skulu þau grænmáluð utan, en ljósmáluð innan og göt á botni.
- h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski úr fiskbúðum til neytenda, skulu vera með loki, grænmálaðir utan, ljósmálaðir innan og á þá málað nafn eða merki eiganda.
- i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.

76. gr.

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát, á lendingarstað. Þar sem ekki eru fiskbúðir, getur heilbrigðisnefnd og leyft fisksölu á tilteknum stöðum, að uppfylltum skilyrðum, sem hún setur. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna, og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

77. gr.

Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei selja fisk, sem hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn frá því er hann var deyddur.

78. gr.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

79. gr.

Við flutning á fiski skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis. Aldrei má leggja óumbúinn fisk frá sér úti við, nema breitt sé undir hann.

Neyzlufiskur, sem fluttur er landveg til bæjarins, skal fluttur í lokuðum kössum, er taka mest 50 kg. Heilagfiski og skötu þarf þó ekki að flytja í kössum, en flytja skal fiskinn í heilu lagi og búa þannig um, að ryk komist ekki að.

16

15. febr.

G. Um meðferð og sölu annarrar neyðsluvöru.

80. gr.

Kornvöru, kex, sykur og aðra neyðsluvöru, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari og vegin er eða mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum, er aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í luktum glerskápum.

XV. KAFLI

Um baðhús, sundlaugar (sundhallir), baðstaði (sundstaði), íþróttahús, íþróttavelli (íþróttasvæði) og útileikvelli barna.

A. Um baðhús.

81. gr.

Gólf baðherbergja skulu flíslögð og veggir flíslagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi í 1.80 m hæð.

B. Um sundlaugar.

82. gr.

Sundlaugar skulu vera úr steinsteypu og svo sléttar innan, að auðvelt sé að þvo gólf og vegg. Barmar skulu hærri en gólfið í kring. Með fram innanverðum börnum, ofan vatnsborðs, skulu vera vatnsheldar rennur eða ílát, er sundgestir geta hrækt í.

83. gr.

Vatn, sem notað er í sundlaugar, skal vera hreint og gerlagróður þess ekki meiri en drykkjarvatns.

Gerlafjöldi í sundlauginni má ekki fara yfir 1000 í 1 cm³ og saurgerlar (*B. coli*) mega ekki finnast að staðaldri í 1 cm³. Taka skal sýni af vatni til rannsóknar ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði.

Sundlaugar skal tæma og hreinsa, svo oft sem þurfa þykir.

84. gr.

Hverri sundlaug skulu fylgja hæfilega margir búningsklefar, baðklefar með steypiböðum, salerni og þvagstæði. Húsakynnum skal haga þannig, að sundgestir komist ekki í sundlaugina nema úr baðklefa. Skyllt er að hafa björgunartæki í sundlaugum.

85. gr.

Sundgestum er skylt að sápuþvo sig vandlega, áður en þeir fara í sundlaug. Bannað er að hrækja eða snýta sér í sundlaug eða saurga hana á annan hátt, og er heimilt að vísa sundgestum burt, ef þeir verða uppvisir að slíku.

86. gr.

Ekki má hleypa fleiri gestum í sundlaug í senn en svo, að a. m. k. 3 m² af yfirborði vatnsins komi á hvern mann.

87. gr.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, áberandi kvef, niðurgang eða aðra kvilla, sem borizt geta manna á milli, ber að synja honum aðgangs að sundlaug.

Ef grunur leikur á, að sundgestur sé haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal synja honum aðgangs, nema læknisvottorð komi til.

88. gr.

16

Ef grunur leikur á, að smitandi sjúkdóma, t. d. fótamyglu (opidermophytosis interdigitale plantarum), megi rekja til smitunar í sundlaug, skal tafarlaust gera héraðslækni viðvart og hlíta fyrir mælum hans um varúðarráðstafanir.

89. gr.

Baðföt, handklæði, bursta og annað, sem lánað er sundgestum til afnota, skal sjóða eftir notkun hverju sinni eða leggja í sóttthreinsunarlög eftir nánari fyrir mælum héraðslæknis.

90. gr.

Starfsfólk sundlauga skal hafa sérstaka skó á fótum, er það notar einungis á því svæði, sem sundgestir ganga um, eftir að þeir hafa afklæðzt og þvegið sér, og engir mega ganga um það svæði nema á sérstökum skóm.

C. Um baðstaði.

91. gr.

Baðstaðir skulu valdir þannig, að ekki sé hætt á, að neins konar saurindi berist í sjóinn (vatnið). Nægilega mörg salerni skulu vera í grennd við slíka staði og þannig um frárennsli búið, að sjórinn saurgist ekki af því.

92. gr.

Ef baðstaðir eru fjölsóttir, skal rannsaka vatnið öðru hverju og leyfa því aðeins notkun þeirra, að gerlafjöldi sé ekki úr hófi.

93. gr.

Baðgestum er skylt að ganga þrifalega um baðströnd, og ekki mega þeir saurga vatnið á neinn hátt.

Um aðgangsleyfi að baðstöðum gildi ákvæði 87. gr.

94. gr.

Sérstakur gæzlumaður skal annast eftirlit á baðstað, og skylt er að hafa þar björgunartæki.

D. Um íþróttahús.

95. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttahúsa og ljósflötur þeirra helzt ekki minni en $\frac{1}{5}$ gólfplatar. Gólf skulu þannig gerð, að slysaætta verði sem minnst. Leitast skal við að gera dýnur og önnur áhöld þannig úr garði, að þau safni ekki í sig ryki.

96. gr.

Auk æfingarsalar (-sala) skulu vera í hverju íþróttahúsi eitt eða fleiri búningsherbergi, baðherbergi með steypiböðum, salerni og áhaldaherbergi eða skápur fyrir ræstitæki.

Haga skal húsakynnum þannig, að gengið sé í leikfimisal úr búningsklefa, og aldrei má fara þannig inn nema á sérstökum skóm.

97. gr.

Íþróttahús má ekki nota örara en svo, að nægur tími sér til nauðsynlegrar hrein-geringar og loftræstingar.

E. Um íþróttavelli.

98. gr.

Íþróttavellir skulu þannig úr garði gerðir, að sem minnst rykist upp af þeim. Þeir skulu hreinsaðir eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl. Slíkum völlum skulu jafnan fylgja salerni, búningsklefar og böð.

F. Um útileikvelli barna.

99. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett sérstakar reglur um útileikvelli barna.

100. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr., eftir því sem við getur átt, að því er varðar starfsemi þá, er þessi kafli fjallar um.

XVI. KAFLI

Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

101. gr.

Um sængurfatnað í fangelsum og vistarverum handtekinna manna skal gætt ákvæða 51. gr.

102. gr.

Ef uppvist verður eða grunur leikur á, að einhver vistmanna sé haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, skal einangra hann, en leita síðan fyrirmæla héraðslæknis um meðferð hans og um hreinsun á herbergi og rúmfatnaði.

103. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. og 13.—15. gr., eftir því sem við getur átt.

XVII. KAFLI

Um kirkjugarða, líkhús og líkgeymslu.

104 gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932, reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 28 27. júní 1941 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. og 105.—112. gr.

105. gr.

Í kirkjugörðum eða við þá skal reisa verkamannaskýli handa þeim, er í görðunum vinna.

106. gr.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði en 200 m og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli ekki að vatnsbóli.

107. gr.

Líkkistur má ekki grafa grynna en svo, að 1.25 m séu frá kistuloki að grafar-
barmi. 15. febr.

Leyfa má, að grafir séu gerðar úr steinsteypu, en þó skulu þær vera neðanjarðar
og a. m. k. 0.5 m þykkt jarðvegslag ofan á. Í botni slíkra grafa skal vera sandur
eða mól eða þannig frá honum gengið á annan hátt, að gröf haldist þurr.

Ekki má opna slíkar grafir, nema héraðslæknir veiti samþykki til og farið sé
að fyrirmælum hans.

108. gr.

Líkhús skulu vera úr steinsteypu og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim
hreinum. Gluggar skulu vita í norður. Rás skal úr gólfi niður í holræsi. Í líkhúsum
skal vera rennandi vatn og handlaugar. Séð skal fyrir góðri loftræstingu.

109. gr.

Líkhús skal þrifa svo oft sem þurfa þykir og ávallt þegar í stað, eftir að þar hafa
verið geymd ókistulögð lík.

Leita skal fyrirmæla héraðslæknis um sóttthreinsun, ef í líkhúsi hefur verið
geymt lík manns, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi.

110. gr.

Héraðslæknir getur mælt svo fyrir, að lík manns, er dáið hefur úr næmum sjúk-
dómi, skuli kistulagt þegar í stað og flutt í líkhús.

111. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús, þegar að lokinni lögskipaðri
mannskaðarannsókn.

112. gr.

Ef sett verður á stofn bálstofa á samþykktarsvæðinu, setur heilbrigðisnefnd sér-
stakar reglur um hana.

XVIII. KAFLI

Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.

113. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á
hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum,
svo og reglur nr. 11 20. janúar 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, sótt-
varnarlög nr. 34 12. apríl 1954 og lög nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu
næmra sjúkdóma).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt
ákvæða 10. gr. f og 114.—117. gr.

114. gr.

Vistarverum skipshafna og farþega, svo og bifreiðum, skal haldið eins hreinum
og auðið er. Um meðferð matvæla í skipum og bátum gilda sömu reglur sem á veit-
ingahúsum, eftir því sem við verður komið.

115. gr.

Ekki má flytja með skipum, bátum eða almenningsvögnum sjúklinga með næma
sjúkdóma nema með leyfi héraðslæknis, er hefur um það samráð við landlækni,
þegar mikið er í húfu.

16

15. febr.

116. gr.

Ef vart verður meindýra í skipi eða bát, sömuleiðis lúsar, kláða eða annarra óþrifa á skipverjum, skal skipstjóri tilkynna það heilbrigðisnefnd þegar í stað, og ber að hlíta fyrirætlum hennar um upprætingu.

117. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðastjórar og eigendur bifreiða bera ábyrgð á, að farið sé að fyrirætlum héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um allt, er lýtur að þrífnaði, sóttvörnum og heilsugæzlu í skipum, bátum og bifreiðum.

Kyrrsetja má skip og taka bifreið úr umferð, ef brotið er í bág við fyriræli héraðslæknis og heilbrigðisnefndar.

XIX. KAFLI

Um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

118. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. f, 11. og 119—124. gr., um peningshús, búrekstur og skepnuhald.

119. gr.

Ekki má reisa peningshús, haughús, áburðarhús, safnhús eða safngryfjur nema í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktarinnar, enda skulu slíkar framkvæmdir tilkynntar heilbrigðisnefnd.

120. gr.

Peningshús má ekki standa nær alfaravegi en 10 m og ekki má það standa nær vatnsbóli en 15 m og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli frá vatnsbóli.

121. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgóð, gólf og flór úr steinsteypu og húsin að öðru leyti þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Skulu þau kólkuð eða þriffin viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.

Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða ódaunn eða óþverri og mönnum og skepnum stafi ekki hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

122. gr.

Loðdýr (dýr, sem alin eru vegna feldarins) og tamda fugla, aðra en stofufugla í búrum, má ekki hafa án samþykkis heilbrigðisnefndar, og að uppfylltum skilyrðum, sem hún setur um húsakynnin og aðra aðstöðu.

123. gr.

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu, nema að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar. Bannað er að láta hunda ganga lausa á almannaferi, að viðlögðum sektum skv. 127. gr. Hundar skulu greinilega merktir eigendum sínum, en um ómerktá hunda skulu gilda ákvæði 10. gr. um útrýmingu óskiladýra.

124. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus á samþykktarsvæðinu, og ekki má reka hann gegnum íbúðarhverfi. Undanþegin eru þó útflutningshross á leið til skips, enda skulu þau rekin undir stjórn lögreglu.

XX. KAFLI
Lokaákvæði.

16
15. febr.

125. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, er að heilbrigðismálum lúta.

126. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr bæjarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, með lögtaki, ef þörf gerist.

127. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrir mælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, og rennur sektarféð í bæjarsjóð.

128. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

129. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 15. febrúar 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

17
19. febr.

um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Norður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda í Norður-Þingeyjarsýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns Þingeyjarsýslu. Skal hann jafnframt ákveða hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkoma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði. En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Kelduneshreppur.
2. Öxarfjarðar- og Fjallahreppur.
3. Presthólahreppur.
4. Raufarhafnarhreppur.
5. Þórshafnar-, Sauðanes- og Svalbarðshreppur.